



Stjórnarfundur 5 föstudaginn 11. desember 2012 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Svala Vignisdóttir,

Afboð og mættu ekki: Kristján Geir Guðmundsson Aðalsteinn Einar Eymundsson, Valdimar Hafsteinsson, Óskar Hauksson og Hreggviður Norðdahl.

Dagskrá

- Íþróttafólk ársins 2012
- HM og Smáþjóðaleikar
- Fréttir frá NEVZA og SCD
- Önnur mál

Fundargerð

Íþróttafólk ársins 2012

- Nokkur umræða var um hvaða blakfólk kæmi til greina. Ákveðið var að velja Orra Þór Jónsson, leikmann HIK Aalborg sem blakmann ársins 2012 og Hjördísi Eiríksdóttur, leikmann Stjórnunnar sem blakkonu ársins 2012
- Sævari falið að búa til rökstuðning með tilkynningu til ÍSÍ. Honum var falið að tilkynna leikmönnum um valið og útbúa fréttatilkynningu á heimasíðu ÍSÍ.

HM og Smáþjóðaleikar

- Landsliðsnefnd leggur til Matthías og Apostol sem landsliðsþjálfara fyrir komandi verkefni A landsliða. Stjórn samþykkti það á fundinum.
- Ekki er enn ljóst í hvaða riðli Ísland leikur á HM né hvar riðillinn verður spilaður en það verður ljóst eftir 15. janúar 2013
- Landsliðsnefnd vinnur hörðum höndum að verkefninu og er að skoða aðstoðarmenn þjálfaranna og búningamál svo e-ð sé nefnt.
- Það er ljóst að þetta verður bara ein ferð þar sem HM er helgina fyrir Smáþjóðaleikavíkuna í Luxemborg.

Fréttir frá NEVZA og SCD

- Formaður BLÍ sótti fundi samtakanna.
- NEVZA: Fastur mótstaður og dagsetning á U17 og U19 mótin. U17 verður í Englandi mánaðamótin okt/nón næstu þrjú árin. U19 mótin verða í lkast í Danmörku næstu þrjú árin í október.
- SCD: Ný stjórn var kosin þar sem fulltrúi Andorra kom inn í stað fulltrúa frá Liechtenstein. Þá var það skýrt út að leikreglurnar héldust þær sömu út þetta leiktímabil – til 1. júní. Þá var einnig rætt um TalentCenter sem tókst vel í Luxemborg á síðasta ári.

Önnur mál

- Erima var kynnt á fundinum sem merki fyrir blakhreyfinguna. Boltar og búningar eru til í þessu merki og stjórn BLÍ hvött til að kynna sér umboðið. Eins og stendur er BLÍ og Mikasaumboðið á Íslandi í viðræðum um áframhaldandi samning.
- Lagt fram til kynningar um heiðursveitingar frá Birni Guðbjörnssyni.

- Dómsmál Ýmis og BLÍ rætt og sagt frá því hvernig það mál standi hjá dómstól ÍSÍ. Formgalli virðist hafa verið á bréfi BLÍ til Ýmis vegna sektarinnar.
- Bréf barst frá Ými B vegna ófullnægjandi búnaðar í Laugardalshöll.
- Afrekssjóður. Umsóknir hafa verið lagðar inn til Afrekssjóðs vegna A landsliðanna í blaki og strandblaki.
- Samningar við Mikasa og Asics eru í bígerð.

Fundi slitið kl. 17:45

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð